

## 9. fundargerð stjórnar HRFÍ haldinn 20.05.2021

Haldinn á Teams og hófst kl.17.00

Mættir : Herdís Hallmarsdóttir, Heiðar Sveinsson, Anna Guðjónsdóttir, Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Guðný Isaksen framkvæmdastjóri. Guðni B. Guðnason kom inn á fundinn Guðbjörg Guðmundsdóttir og Svava Björk Ásgeirsdóttir voru fjarverandi.

- ☐ Undirbúningur aðalfundar. Aðalfundur er í lok mánaðarins. Ari Karlsson hefur fengist til að taka að sér fundarstjórn og Ágústa Pétursdóttir verður fundarritari.
- Ársreikningar voru samþykktar á fundinum, fundarmenn höfðu fengið kynningu á óstaðfestum drögum og haft aðgang að reikningnum á svæði stjórnar á TEAMS. Framkvæmdastjóri mun útbúa kynningu fyrir aðalfund. Fjárhagsleg staða félagsins er sterk.
- Samþykkt var að greiða upp eftirstöðvar á veðláninu, lánið er tekið af HRFÍ með veði í eign RA, háir vextir - mun hærri en bjóðast á markaði í dag og það einfaldar sölufarli að klára þetta.
- Samþykkt fjárhagsáætlunar frestað vegna veikinda og verður rætt og afgreitt milli funda rafrænt. Fundur boðaður á Teams ef afgreiðsla kallar á fund. Þá er stefnt á einn fund til að klára mál fyrir aðalfund.
- Skýrsla stjórnar verður unnin sameiginlega á google docs eins og undanfarin ár. Guðný og Herdís munu vinna fyrstu drög sem sett verða inná google docs.
- Lagabreytingar: Stjórn setur fram tillögu að lagabreytingu er snúa að rafrænum kosningum.
- Kynning á sölu fasteignar: kynna ferlið og setja fram tillögu stjórnar um að selja fasteignina sem borin verður upp til atkvæða á fundinum.
- Fundur með Cavalier deild: mættar voru Hrönn Þorsteinsdóttir, Fríða, Valka Jónsdóttir, Svanhvit Björk Grétarsdóttir og Gerður. Komið hafði til ágreinings innan stjórnar deildarinnar og meðal einstakra deildarmeðlima. Að tillögu formanns HRFÍ var viðkomandi aðilum boðið að koma á fund með stjórn HRFÍ og sjá hvort hægt væri að ræða málin. Farið var yfir ágreiningsatriði og málin reifuð frá ýmsum hliðum. Að lokum var sæst á vinnulag sem vonandi skapar frið og áframhaldandi farsæld innan deildarinnar.
- Deildarsýning DÍF var samþykkt.
- Erindi skrifstofu vegna ættbóka í nýju tölvukerfi. Tillaga skrifstofu samþykkt.
- Umsögn um lagafrumvarp um breytingu á fjöleignahúsalögum, félagið er samþykkt þessu og sendir inn umsögn um það. Auður, Guðbjörg og Svava klára þetta, tengja við skýrslu frá Svíþjóð.
- Umsögn um drög að nýrri samþykkt Reykjavíkur. Guðbjörg tekur áfram og Auður. Guðný athugar með skilafrest á umsögn.
- Hlýðnireglur sendar inn til samþykktar, samþykktar af stjórn, óskað eftir að reglur verði kynntar fyrir félagsmönnum og eins að með beiðnum í framtíðinni fylgi hvernig þær voru unnar og af hverjum.
- Beiðni um undanþágu vegna þörunar: Ekki þykja efni til að víkja frá reglum félagsins um lögmatan hvíldartíma.

Fundi slitið kl.18.45